

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 26. október 2023
UST202309-172/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Straumsvíkurhöfn - Hafnarfjarðarkaupstaðar

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar er barst 19. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Straumsvíkurhöfn í Straumsvík.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gangi út á að straumsvíkurhöfn (H4) verði stækkuð með nýrri landfyllingu, nýr aðkomuvegur frá nýjum undirgöngum undir Reykjanesbraut að nýrri landfyllingu afmarkaður, nýtt lagnabelti afmarkað og lóðir afmarkaðar á nýrri landfyllingu og settir eru skilmálar fyrir þær.

Veitur og lagnir

Lega vatnsveitu, fráveitu, rafveitu og annarra veitna er ekki sýnd á skipulagsupphætti. Aðlögun veitukerfa að framkvæmdum verður gerð í samráði við Hafnarfjarðarbæ og viðeigandi veitustofnanir.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna eru nánari upplýsingar um málsmeðferð vegna umsókna um slíkt háð samþykki stofnunarinnar. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að óheimilt er að reka, eiga eða leggja sæstreng eða neðansjárleiðslu án þess að hafa áður fengið til þess þær heimildir sem tilgreindar eru í 4. gr. reglugerðarinnar.

Landfylling og leyfisveiting

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hver er áætluð efnisþörf landfyllingar, hvaða efni á að nota og hvaðan það kemur.

Ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu er þá um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Því þarf að sækja um leyfi hjá Umhverfisstofnun varðandi losun landfyllingarefnis í sjó.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur Atlantshafsins og 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Stjórn vatnamála og leyfisveitingar

Í greinargerð segir: „Eitt strandsjávarhlot er við framkvæmdasvæðið Straumsvík-Kjalarnes nr. 104-1391-C og ný landfylling mun ekki hafa áhrif á einkenni strandsjávarhlotsins á svæðinu.“ Í greinargerðinni er þó ekki fjallað ítarlegar um/færð rök fyrir því að landfyllingin hafi ekki áhrif sem þarf að gera samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Auk þess segir í greinargerð: „Landfyllingin og breytt lögun hafnar er utan við eldri landfyllingu og mun hylja sjávarbotn. Munu því verða varanleg og staðbundin neikvæð áhrif á botnlífverur á því svæði. Gert er ráð fyrir að lífríkið sé áþekkt því sem er í Hraunavík, austan við, en ekki er vitað um neinar sjaldgæfar tegundir eða tegundir sem njóta verndar á því svæði. Því er talið að framkvæmdin muni ekki rýra verndargildi lífríkis á sjávarbotni og eru áhrifin því metin óveruleg.“

Umhverfisstofnun bendir á að allar framkvæmdir og skipulagsáætlanir eiga að vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Það þýðir að einn af umhverfisþáttunum sem skoða þarf í umhverfismati er áhrif á vatn. Í umhverfismati þarf að leggja mat á það hvort framkvæmdin verði til þess að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki. Umhverfisstofnun vinnur nú að gera leiðbeininga fyrir slíkt áhrifamat og hvetur framkvæmdaraðila til að hafa samband við stofnunina og fá frekari leiðbeiningar.

Öll strandsjávarhlot eiga að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu og góðu efnafræðilegu ástandi. Nái vatnshlot ekki umhverfismarkmiðum skal fara í aðgerðir til að draga úr álagi, leggja til mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmd til að tryggja gott ástand vatns.

Umrætt vatnshlot hefur ekki verið ástandsflökkað, þ.e. að vistfræðilegt og eðlisefnafræðilegt ástand vatnshlotsins er ekki þekkt og því þarf að gera áhrifamat sem innifelur m.a.:

- Álag vegna framkvæmdarinnar/starfseminnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlot. Ef greint er líklegt álag á gæðapættina vegna framkvæmdar/starfsemi, þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mótvægisáðgerðum, sem notaðar eru til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdar og starfsemi.

- Samlegðaráhrifum allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlot.

Gæðapættirnir sem skilgreindir hafa verið fyrir strandsjó eru nítrat, fosfat, blaðgrænu, hryggleysingar á mjúkum botni, botnþörungur á hörðum botni og forgangsefnaælingar auk fiska til stuðnings á mati. Einnig eru vatnsformfræðilegir gæðapættir s.s. straumhraði, dýpi, botngerð, sjávarstraumar og sjávarföll, set og setflutningar sem þveranir, vegir og aðrar framkvæmdir geta haft áhrif á.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þarf framkvæmdaaðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Jarðmyndanir

Í greinargerð kemur fram að eldhrauni verði raskað við gerð aðkomuvegar, en eldhraun nýtur sérstakrar verndar í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir á að fram kemur í náttúruverndarlögum að forðast beri röskun eldhrauna nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu en eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Auk þess þarf málsmeðferð við gerð framkvæmdaleyfis að vera í samræmi við ákvæði laganna.¹

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>